



**Brunavarnaáætlun  
fyrir  
Vesturbyggð og Tálknafjörð.**

2023 til 2028

---

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Samþykkt.....	3
Markmið brunavarnaráætlunar .....	4
Gerð og efni brunavarnaáætlunar. ....	4
1    Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins .....	5
1.1   Niðurstaða áhættumats .....	5
1.2   Niðurstöðu greiningar á mannafla og búnaðarþörf slökkviliðsins. ....	7
1.3   Mengunarvarna- og slökkviáætlanir.....	10
2    Þjónustustig.....	10
3    Skipulag slökkviliðsins. ....	12
3.1  Svæði .....	12
3.2  Skipulag .....	12
3.3  Forvarnarstarf .....	15
3.4  Útkallsstarf.....	16
3.5  Önnur verkefni.....	18
3.6  Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....	18
3.7  Útkallstími .....	18
4    Húsnæði og tækjabúnaður.....	21
4.1  Húsnæði.....	21
4.2  Búnaður. ....	21
4.3  Æfingasvæði. ....	22
5    Slökkvivatn .....	22
6    Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.....	23
6.1  Mannvirki .....	23
6.2  Vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði.....	24
6.3  Tíðni eldvarnarskoðana .....	26
6.4  Fyrirkomulag byggðar m.t.t. eldhættu.....	26
6.5  Sinubruni. ....	27
6.6  Brennustæði eða aðrar takmarkanir á meðferð opins elds.....	27
7    Samkomulag og samningar.....	28
8    Framkvæmdaáætlun .....	29
8.1  Menntun og þjálfun. ....	29
8.2  Húsnæði .....	29
8.3  Eldvarnareftirlit. ....	29
8.4  Afskriftir og úrelding búnaðar.....	29

---

8.5	Búnaður og menntun .....	30
8.6	Aðstoð frá öðrum svæðum. ....	33
9	Heimildir .....	33
10	Fylgiskjöl .....	34
10.1	Fylgiskjal 1 Skoðunarskyldir staðir eldvarnaeftirlits.....	34
10.2	Fylgiskjal 2 Búnaðarlisti ein og hann leit úr 2021.....	38
10.3	Fylgiskjal 3 Sérstakar bruna- eða mengunarhættur. ....	44

---

## Samþykkt.

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Vesturbyggðar og Slökkviliðs Tálknafjarðarhrepps samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

*“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun, sem fengið hefur umsögn Mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagi, útbúið tækjum, menntað og þjálfad að það ráði við þau verkefni sem því eru fálin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélaganna að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélögunum.

Fyrir Vesturbyggð

Brunavarnaáætlunin var samþykkt í bæjarstjórn dags. 18. júlí 2023

Fyrir Tálknafjörð

Brunavarnaáætlunin var samþykkt í sveitarstjórn dags. 22. ágúst 2023

Patreksfjörður 6. september 2023

Húsnaðis- og mannvirkjastofnun

Slökkvilið Vesturbyggðar/Tálknafjarðar

---

Hermann Jónasson, forstjóri HMS  
forstjóri HMS

---

Valdimar Bernódus Ottósson,  
staðengill slökkviliðsstjóra

Vesturbyggð

Tálknafjarðarhreppur

---

Pórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarstjóri

---

Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri

# Markmið brunavarnaráætlunar

Leiðarljós sveitarfélaganna með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

*“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”*

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir:

*“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*

Jafnframt er eitt af megin markmiðum sveitarfélaganna með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

## Gerð og efni brunavarnaáætlunar.

Meðfram vinnu við brunavarnaráætlun var gert áhættumat fyrir allar helstu áhættur á stafsvæði slökkviliðanna. Jafnframt var gerð greining á mannafla- og búnaðarþörf fyrir allar stærstu áhættur sem eru mórandi fyrir stærð slökkviliðsins.

Byrjað er að útbúa viðbragðsáætlanir (slökkviáætlanir og mengunarvarnaráætlanir) yfir samfélagslega mikilvægustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins.

Upp úr þessum gögnum hefur verið unnið yfirlit yfir núverandi stöðu slökkviliðanna og lagt mat á hvort;

- Búnaður og tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöðvar slökkviliðanna uppfylli þarfir liðsins

Komið hefur í ljós að gera þarf úrbætur og eru þær settar fram í framkvæmdaáætlun þar sem lýst er hvernig áformað er að bæta úr þeim atriðum sem er áfátt;

- efla eldvarnareftirlit.
- endurnýjun á slökkvbíla, slökkvidælum og bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins.
- auðvelda vatnsöflun í sveitarféluginu t.d. með fjölgun brunahana
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins, Samkvæmt leiðbeiningarblaði HMS nr. 6.0.65 og lögum 3/2006

Brunavarnaáætlun veitir:

- a. almenningi upplýsingar um það hvaða öryggi þeim er búið í sveitarféluginu og með hvaða hætti þjónustan er veitt.
- b. hönnuðum upplýsingar til að ákvarða forsendur við hönnun mannvirkja (t.d. vatn, stærð og geta slökkviliðs og útkallstími).
- c. eigendum mannvirkja upplýsingar um þjónustustig slökkviliðsins.
- d. sveitarstjórn upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um slökkviliðin m.a. varðandi fjármögnun.

# 1 Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

## 1.1 Niðurstaða áhættumats

Áhættumat var unnið samhliða brunavarnaráætlunni. Notast var við reiknilíkan frá Húsæðis og Mannvirkjastofnun. Hér eru helstu niðurstöður:

Líkur á að aukning verði á áhættu ef atburður er orðinn						
Eðli starfseminnar er líklegt til að auka áhættu, Litlar eldvarir til staðar	Miklar	2,24	3,16	3,87	4,47	5
Eðli starfseminnar eykur verulega á líkur. Eldvarnir takmarkaðar	Verulegar	2	2,83	3,46	4	4,47
Eðli starfsemi eykur tölувert á líkur Eldvarnir til staðar.	Töluberðar	1,73	2,45	3	3,46	3,87
Eðli starfsemi getur aukið líkur Eldvarnir góðar	Auknar	1,41	2	2,45	2,83	3,16
Eðli starfsemi ekki líklegt til að auka áhættu Eldvarnir til fyrirmynðar	Litlar	1	1,41	1,73	2	2,24
Afleiðingar	Minniháttar	Litlar	Hættulegt	Krítiskt	Stórslys	

Afleiðingar	
Minniháttar	Enginn skaði á umhverfi Enginn skaði á fólki Óverulegt fjárhagslegt tjón < 1 m. ISK
Litlar	Minniháttar skaði á umhverfi Minniháttar skaði á fólki Lítið fjárhagslegt tjón 1 - 10 m. ISK
Hættulegt	Alvarlegur skaði á umhverfi Alvarlegur skaði (slys) á fólki Talsvert fjárhagslegt tjón 10 - 100 m. ISK
Krítiskt	Töluberður skaði á umhverfi Gæti orsakað alverleg slys / andlát Töluvart fjághaglegt tjón 100 - 1.000 m.
Stórslys	Mikið umhverfislegt tjón Gæti orsakað fjölda látinna Mikið fjárhaglegt tjón > 1.000 m. ISK

**Tafla 1 - Líkur og afleiðingar**

Hver og ein áhætta var sett inn í þessa töflu þar sem metnar eru líkur og afleiðingar. Þar er fenginn ákveðinn stuðull til þess að vinna með.

Sá stuðull er síðan leiðréttur út frá nokkrum öðrum þáttum sem koma fram í töflu 2.

Vægi					
%	Fólks-fjöldi	Fólk- ástand	Fjarlægð / Umhverfi	Eignir	Samfél og rekstur
70	<5	Sjálfbjarga	<undir 10 mín/-	-	Engin áhrif á atvinnu eða tekjur
80	5>30	1-2 ósjálfbjarga	10>15 mín /-	Gömul og léleg hús	1>5 starfsmenn.
90	30>100	2-4ósjálfbjarga	15>20 mín / óveruleg áhrif	Eldri hús	6>15 starfsmenn.
100	100>200	4-6 ósjálfbjarga	20>30 mín / Veruleg áhrif	góð hús, uppfylla þarfi	16>25 starfsmenn.
110	200>400	6-10 ósjálfbjarga	>Meira ein 30 mín /hætta á varanlegu tjóni	Meðal dýrir hlutir innanhúss	26>50 starfsmenn.
120	400>1000	10-30 ósjálfbjarga	lítið en varanlegt tjón	Nýtt hús, mynja vernd	50>100 starfsmenn.
130	1000>	yfir 30 ósjálfbjarga	Stórt varanlegt tjón.	Mjög dýrir hlutir innandyra	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.

**Tafla 2 – Leiðrétti vegna mismunandi vægis**

Niðurstöðurnar úr þessu öllu eru settar fram í töflu 5 hér að neðan.

## 1.2 Niðurstöðu greiningar á mannafla og búnaðarþörf slökkviliðsins.

Við greiningu á mannafla og búnað slökkviliðsins var stuðst við leiðbeiningar frá Mannvirkjastofnun. Hér er eitt dæmi úr leiðbeiningunum sem sýnir hversu margi þarf í viðkomandi verkefni. Allar stærstu áhættur svæðisins voru teknar inn í þetta líkan og þannig fengin út mannaflaþörf á svæðinu sem sett er fram í áhættustigi.

Sviðsmynd: Eldur í eldhúsi veitingastaðar á jarðhæð, reykur í húsinu, engin útbreiðsla, engin lífbjörgun

Verkefni	Framvinda Tímalína (5 mín.)	Vettvstj. Stjórn.	Mönnum Slökkviliðsm	Búnaður	Bílar
Vettvangsstjórnun		1			1 stjóri
Stjórnun mannafla		1			
Slökkvistarf		4			1 dælubíll
Vatnsöflun		1			1 tankbíll
Dælumaður		1			
Reyklosun		1			
Mönnum alls	1 1 1 1 1 1 + + + + + 1 1 1 1 1 + + + + 2 6 6 5	1	1	6	

Mannafla og búnaðarþörf í útkalli

**Tafla 3 – Dæmi um eina sviðsmyndin sem sett var upp af mörgum.**

Þetta líkan (tafla 3) ásamt áhættustigum er síðan notað til þess að finna út hversu mikinn mannskap þarf til þess að ráða við áhættunar. Niðurstöðurnar eru settar fram sem áhættustig frá 1 og upp í 5 sem segja til um hversu mikinn mannafla og búnað þarf til þess að ráða við áhættunar.

## Áhættustig

Í töflu 4 eru skilgreind hvað þarf til þess að ráða við áhættur í hverju áhættustigi fyrir sig númerað frá 1 upp í 5.

Til útskýringar er 1 eining, bíll með fimm slökkviliðsmönum.

Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Áhættustig 4	Áhættustig 5
1 eining	2 einingar	3 til 4 einingar	5-8 einingar	8+ einingar
1 dælubíll 3.000 l/mín	2 dælubílar 6.000 l/mín	3 dælubílar 9.000 l/mín	4 dælubílar 12.000 l/mín	5-8 dælubílar 15.000 – 20.000 l/mín
5 menn	6-10 menn	10-18 menn	Lausar dælur 18-25 menn Samhæfingarstöð sett í viðbragð	Aðstoð frá öðrum 25 + menn Samhæfingarstöð virkjuð

**Tafla 4 – Áhættustig lýsing**

Til þess að ráða við hættu með áhættustig 4 sem er stærsta áhættan á þessu svæði þarf:

- 5-8 einingar
- 4 dælubíla, lausar dælur, með samtals dælugetu upp á 10.000 til 15.000 lítra á minútu.
- 18 til 25 slökkviliðsmenn af þeim 10-15 reykfafar.
- Annar búnaður er tilgreindur í lágmárksbúnaðarþörf slökkviliða frá HMS.

Út frá þessari áhættugreiningu vantar nokkuð upp á eðlilega endurnýjun á þeim búnaði sem til er hjá slökkviliðinum. Það sem upp á vantar er sett inn í framkvæmdaáætlun í kafla 8.

Niðurstöðurnar úr þessari áhættugreiningu eru hér settar fram í töflu 5 og þar eru teknar fyrir helstu og stærstu áhættunar á svæðinu hvað varðar bruna- og mengunarhættu.

Þessar áhættur mynda einnig listann í kafla 6 um sérstakar bruna- eða mengunarhættur.

Starfsemi	Líkur	þarfir	Námundun/áhættustig
Patreksfjörður			
Oddi	2	4	Áhættustig 3
Leikskólinn Araklettur	4	2	Áhættustig 3
Heilbrigðisstofnun	2	4	Áhættustig 3
Patreksskóli	4	3	Áhættustig 3
FHP	4	4	Áhættustig 4
Vélaverkstæði Patreksfjarðar	3	2	Áhættustig 2
Fosshótel Vestfirðir	1	4	Áhættustig 2
Airbnb íbúð (til viðmiðunar)	2	1	Áhættustig 1
Bíldudalur			
Kalkþörungarverksmiðja	2	3	Áhættustig 2
Arnarlax vinnsla	4	4	Áhættustig 3
Hugsanleg kassaverksmiðja	5	4	Áhættustig 4
Bíldudalsskóli	4	3	Áhættustig 3
Tálknafjörður			
Tálknafjarðarskóli	2	3	Áhættustig 2
Norður Botn	2	3	Áhættustig 2
Sveitin			
Hótel Flókalundur	2	4	Áhættustig 3
Breiðavík	4	4	Áhættustig 4

## Tafla 5

Slökkviliðin vinna sem ein heild og í útköllum á forgangi F1 og F2 þá eru þau öll kölluð út samtímis. Þannig ráða slökkviliðin við áhættustig 4.

Ef hvert og eitt slökkvilið er tekið sér til dæmis vegna ófærðar þá ræður hvert þeirra við áhættustig 2

---

### 1.3 Mengunarvarna- og slökkviáætlanir

Verið er að útbúa mengunar- og slökkviáætlanir fyrir þær áhættur sem eru í lista hér að ofan. Búið er að útbúa fyrir þær áhættur sem móta stærð slökkviliðanna.

## 2 Þjónustustig.

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi megin þjónustuflokka:

Slökkviliðin sinna öllum þjónustuflokkum, þó svo flokki 3 og 4 sé einungis sinnt frá Patreksfirði.

#### 1. *Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss*

Allir slökkviliðsmenn slökkviliðsins hafa fengið þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss.

#### 2. *Slökkvistarf innanhúss og reykköfun*

Slökkviliðin sinna slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra er í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun. Stefnt er að því að 60% slökkviliðsmanna séu með gild reykköfunarréttindi. Það eru 6 á Tállknafirði, 8 á Patreksfirði og 6 á Bíldudal.

#### 3. *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun*

Á Patreksfirði er búnaður til þess að takast á við eiturefnaslys á svæðinu. Slökkvilið Patreksfjarðar hefur fengið þjálfun og menntun til þess að sinna þessum þætti.

Þjálfun hefur miðast við að takast á við áhættu og viðbragð vegna efna sem eru í notkun á svæðinu, svo sem vegna frystihúsa, sundlauga og eldsneytis sem eru flutt í gegnum svæðið.

6 slökkviliðsmen hafa þjálfun og þekkingu til að sinna þessu en stefnt er að því að fjölgar þeim í 10

#### 4. *Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bíflökum*

Á Patreksfirði er búnaður til þess að sinna þessum þætti og það er Slökkvilið Patreksfjarðar sem hefur fengið þjálfun og menntun í meðferð þeirra.

12 slökkviliðsmenn hafa þjálfun og þekkingu til þess að sinna þessum störfum.

#### 5. *Eldvarnareftirlit*

Skoðunarskyldir staðir á starfssvæðinu eru um 102 og 28 lögbýli sem þarf að skoða fjórða hvert ár eða u.p.b. 70 skoðanir á ári. Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000 um brunavarnir svo og reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017. Eldvarnareftirliti er sinnt af slökkviliðsstjóra.

#### 6. *Önnur þjónusta*

Dælingar.

---

Slökkviliðin sinna þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda, t.d. hreinsa upp vatn vegna leka eða dælingar úr skipum samkvæmt beiðnum þar um og á kostnað viðkomandi.

### **Fræðsla**

Slökkviliðið heldur uppi fræðslu í brunavörnum fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Á hverju ári er farið í alla bekki með fræðslu eða þá að börnum og ungmennum er boðið að koma í slökkvistöðvarnar þar sem fræðsla og skemmtun fer fram.

Fræðsla til einstaklinga og fyrirtækja er veitt eftir beiðnum þar um á kostnað viðkomandi.

### **Pjónusta við önnur brunavarnarsvæði.**

Slökkviliðin sinna aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Langt er á milli svæða og ólíklegt að aðstoð komi frá næstu svæðum. Líklegra er að næsta aðstoð berist frá Reykjavík og samið um það í hvert skipti.

### **Sjúkraflutningar**

Slökkviliðin sinna ekki sjúkraflutningum, þeir eru á höndum RKÍ og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

### **Slökkvistörf í skipum**

Slökkviliðið sinnir slökkvistörfum á sjó samkvæmt beiðni þar um og á kostnað viðkomandi. Samkvæmt 2. gr. laga um brunavarnir 75/2000 taka löggin ekki til skipa.

*„Löggin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.“*

### **Flugvellir.**

Slökkviliðin sinna slökkvistarfi á Bíldudalsflugvelli samkvæmt beiðnum þar um en þá er í flestum tilfellum um almannavarnarástand að ræða. Þegar slíkt kemur upp er unnið eftir flugslysaáætlun almannavarna.

### **Slökkvistörf í jarðgöngum.**

Á starfssvæðinu eru engin jarðgöng í dag.

Ef til þess kemur að göng verða byggð á starfssvæðinu þá hefur slökkviliðið ekki búnað né tæki til þess að sinna slökkvistörfum í jarðgöngum. Dýrafjarðargöng eru ekki á starfssvæði slökkviliðsins þó svo næsta slökkvilið að sunnanverðum gangnamunna sé á Bíldudal og er það í 60 km. fjarlægð.

### **Traktorsdælur**

Slökkviliðið lét útbúa litlar dælur fyrir traktora og var dreift um svæðið. Þær eru í Breiðavík, Hænuvík, Lambavatni og Múla. Búnaðurinn samanstendur af dælu sem tengist við aflúrtak dráttavéla, sogbarka, slöngu og einum stút. Búnaðurinn er eign slökkviliðsins en bændur geta nýtt hann sem sinn búnað. Þessi búnaður er ekki hluti af viðbragði slökkviliðs né af þessari brunavarnaráætlun heldur einungis auka viðbót við búnað bænda.

---

Bændur eru í þessum tilfellum ekki slökkviliðsmenn heldur einungis bændur sem aðstoða nágranna sína á sama hátt og við heyskap og önnur störf. Þeir eru á eigin vegum og eigin tryggingum.

## 3 Skipulag slökkviliðsins.

### 3.1 Svæði

Sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjörður eru samtals 1.514 ferkílómetrar að stærð og íbúafjöldi var 1.310 árið 2023. Gistirými á svæðinu er fyrir um 680 manns

Þéttbýliskjarnar eru Patreksfjörður með 788 íbúa og gistirými fyrir 200 manns

Bíldudalur 278 íbúa og gistirými fyrir 40 manns

Tálknafjörður með 244 íbúa og gistirými fyrir 80 manns

Dreifbýli er með 105 íbúa og gistirými fyrir 360 manns

### 3.2 Skipulag

Slökkviliðin í Vesturbyggð og Tálknafirði eru algjörlega aðskilin fjárhagslega og heyra undir sitt hvort sveitarfélagið. Það er sami slökkviliðsstjórinn í báðum sveitarfélögum sem dags daglega vinnur undir stjórn Vesturbyggðar og vinna hans er sold út til Tálknafjarðar. Aðstoðarslökkviliðsstjóri, varðstjórar og aðrir stjórnendur stjórnna í verkefnum slökkviliðanna þvert á slökkvilið og án greiðslu þar á milli.

Litið er á slökkviliðin sem eina heild þegar kemur að skipulagi varðandi mannskap, tæki og verkefni þó svo fjarhagur sé aðskilinn. Þannig eru búnaður, tæki og mannskapur færður á milli eftir verkefnum hverju sinni. Almennt er talað um Slökkvilið Patreksfjarðar, Slökkvilið Tálknafjarðar og Slökkvilið Bíldudals og sameiginlega eru þau nefnd slökkviliðin í þessari áætlun.

Íbúakosning um sameiningu sveitarfélaganna fer fram haustið 2023.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri er ráðinn í 50% starf og annast hann allan daglegan rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga og reglugerða. Varaslökkviliðsstjóri og varðstjórar eru í hlutastarfi og fá greitt fyrir útköll, æfingar og undirbúning. Þeir sinna starfi slökkviliðsstjóra í fjarveru hans séu þeir á staðnum.

Bakvaktir stjórnda eru með þeim hætti að almennt er slökkviliðsstjóri á bakvakt á virkum dögum en varaslökkvistjóri ásamt varðstjórum eru á bakvakt um helgar og þegar slökkviliðsstjóri er ekki á svæðinu. Þetta síðan riðlast aðeins til vegna helgardaga og frídaga hvers og eins en ávalt er uppfyllt að einhver stjórndandi sé á bakvakt á hverjum tíma.

---

Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra. Hlutverk varðstjóra er stjórnun á vettvangi og stýring æfinga í samráði við slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma miðað við menntun og þjálfun. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka bílum sem krafist er aukinna ökuréttinda á og aðrir ekki færir um að stunda reykköfun.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar slökkviliðs eru að:


- stjórna starfseminni í samræmi við lög og reglur
- sjá um gerð fjárhagsáætlana og að heildarstarfsemin sé innan fjárheimilda hvers árs
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi
- kynna starfsemina
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- vinna að því að búnaður slökkviliðs, færni og menntun starfmannna sé í samræmi við þjónustustig
- stuðla að jákvæðum starfsanda

Auk varaslökkviliðsstjóra eru þrír varðstjórar á Patreksfirði, tveir á Bílududal og tveir á Tálknafirði.

Skipurit slökkviliðanna samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra í liðinu.

---

## Skipurit slökkviliðanna



Slökkvilið sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Slökkvilið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun.

Slökkvilið sinnir mengunarvörnum og björgun á fastklemmdu fólk. Þessum tveimur þáttum er sinnt af slökkviliðsmönnum á Patreksfirði þar sem mannskapur og búnaður er til staðar. Æfingar miðast við að slökkviliðsmenn á Patreksfirði geti unnið þau störf í samræmi við þjálfun, menntun og þjónustustig. Sökkviliðsmenn á Tálknafirði og Bíldudal fá einungis grunnmenntun og þjálfun til þess að geta aðstoðað við útköll.

Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseiganda og/eða kröfum slökkviliðsstjóra og innheimt er gjald fyrir í samræmi við gjaldskrá slökkviliðanna.

Gott samstarf er milli slökkviliðanna, lögreglu, björgunarsveita og Rauða krossins bæði í útköllum og æfingum.

### Almannavarnir

Slökkviliðin eru hluti af almannavörnum og sinna þar brunavörnum, mengunarvörnum og björgun fólk í samvinnu við aðra björgunaraðila. Við þær aðstæður er notast við kerfi

---

almannavarna og vinna allir viðbragðsaðilar saman þar undir. Stjórnstöð almannavarna er að Aðalstræti 92 á Patreksfirði en þar er jafnframt lögreglustöð.

Lítill samvinna hefur verið við Slökkvilið Ísafjarðar og Slökkvilið Reykhóla, einkum vegna fjarlægðar. Samvinna gæti aukist á næstu árum með tilkomu bættra samgangna á Vestfjörðum.

### 3.3 Forvarnarstarf

Slökkviliðsstjóri sinnir eldvarnareftirliti á svæðinu og hefur til þess þá menntun og reynslu sem þarf til þess. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnareftirlitsmaður og hafa starfsréttindi samkvæmt 12., 15. og 17. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

Skoðunarskyldir staðir á starfssvæðinu eru um 102 ásamt 28 lögbýlum með mismunandi skoðunartíðni og það eru um 70 skoðanir sem þarf að framkvæma á hverju ári. Í samræmi við kröfur reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017 er tiltekið í fylgiskjali hvaða staði skal skoða árlega og hverja skal eftir atvikum skoða sjaldnar, eða allt að fjórða hvert ár. Þessi listi er á heimasíðu sveitarfélaganna þar sem eldvarnareftirlitsskoðanir ársins eru tilgreinar.

Á hverju ári er farið með eldvarnarfræðslu í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þar sem allir bekkir eru heimsóttir. Annað hvert ár fer slökkviliðsstjóri og heimsækir skólana og hitt árið koma bekkirnir í heimsókn á slökkvistöðvarnar til þess að skoða búnaðinn og fá fræðslu í leiðinni.

Umsagnir til sýslumanns vegna veitingu veitinga og gistileyfa eru um 25 á ári og fyrir aðra starfsemi um 8 á ári.

Eldvarnareftirlitið skoðar teikningar í samvinnu við byggingafulltrúa. Nokkuð hefur verið um stórar byggingar sem þarfust brunahönnunar og rýni á þær fer fram hjá eftirlitinu. Einnig er leiðbeiningaskylda til almennra fyrirtækja og er hún nokkur þar sem fyrirtæki óska eftir leiðbeinungum um brunavarnir. Eftirlitið sinnir öryggisúttektum og lokaúttektum í samvinnu við byggingafulltrúa.

Á starfsvæði slökkviliðanna eru nokkrar stórar áhættur sem eru ráðandi stærðir í mönnun útkallseininga slökkviliðanna og hafa jafnframt talsverð áhrif á mönnun eldvarnareftirlitsins. Gott forvarnarstarf og eldvarnareftirlit hefur einnig verið grundvöllur undir það mat á mannafla og búnaðarþörf sem lagt er til grundvallar fyrir mönnun útkallsliðs.

Starfsemin er tvønnskonar:

- Eldvarnareftirlit og skoðun.
- Upplýsingar og fræðsla.

Helstu hlutverk forvorna eru:

- Ráðgjöf til hönnuða.
- Skoðun teikninga þar sem óskað er eftir byggingaleyfi.
- Úttektir á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017.
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða.

- 
- Sérstakt eftirlit með mannmögum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
  - Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.

Eldvarnareftirlit er haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftifarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftilits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda.

Einu sinni á ári.

- Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða.
- Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar.
- Allar byggingar í notkunarflokk 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingareglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum.

Fjórða hvert ár.

- Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki.
- Annað atvinnuhúnsæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.

Listi um skoðunarskylda staði er í fylgiskjali 1 með þessari áætlun.

### 3.4 Útkallsstarf

Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað og menntun starfsmanna, í samræmi við stefnu. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru:

- Slökkvi- og björgunarstörf í mannvirkjum og gróðri.
- Viðbrögð við mengunarslysum
- Björgun vegna umferðaóhappa
- Þjálfun og æfingar
- Dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- Almannavarnir
- Viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði
- Æfingar og þjálfun starfsmanna

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsliðs er í höndum slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra. Varðstjórar bera ábyrgð gangvart slökkviliðsstjóra.

Fjöldi slökkviliðsmanna er um það bil 40 sem skiptist með eftifarandi hætti:

- Patreksfjörður 18 manns

- 
- Tálknafjörður 10 manns
  - Bíldudalur 12 manns

Slökkviliðsstjóri er í 50% starfi og aðrir sinna menntun, þjálfun og útköllum í tímavinnu og eru ekki með skilgreint starfshlutfall hjá sveitarfélögum.

Almennt eiga slökkviliðsmenn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma og fá grunnþjálfun í öllum störfum. Reynt er þó að koma upp smá sérhæfingu á milli manna og eru menn oft betri á einu sviði en öðru, þannig eru tilteknir reykkafarar, dælumenn, bílstjórar sem sinna þeim þáttum betur en öðrum.

EKKI er gert ráð fyrir að allir hafi tilskilin réttindi til þess að aka meiraprófsbíl eða stunda reykköfun. Slökkvilið Patreksfjarðar sinnir klippuvinnu og mengunarvörnum, þó fá aðrir slökkviliðsmenn grunnþekkingu í þeim liðum og geta aðstoðað í útkalli.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhúss ásamt reykköfun, umhverfis- og mengunarslysum, útköllum vegna umferðarslysa ef þörf er á klippibúnaði, hreinsun á slysstað og/eða lífbjörg í samstarfi við sjúkraflutninga.

Til þess að uppfylla kröfur um menntun og mönnum vegna áhættumats þá þarf eftirfrandi:

- Slökkvilið verður með a.m.k. 70% slökkviliðsmanna með reykköfunarréttindi.
- Hjá slökkviliðinu verða a.m.k. 10 slökkviliðsmenn þjálfarir til starfa vegna klippuvinnu og vegna umhverfis- og mengunarslysa.
- Stefnt er að því að á hverjum tíma verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna sem hafi lokið grunnnámi slökkviliðsmanna.

Æfingar eru haldnar einu sinni í mánuði. Æfingar miðast við að slökkviliðið geti uppfyllt þær kröfur sem fylgja þjónustustigi slökkviliðsins.

Menntun slökkviliðsmanna er í samræmi við þarfir slökkviliðsins til þess að halda því hlutfalli menntunar sem að framan greinir. Endurmenntun er sótt á þau endurmenntunarnámskeið sem boðin eru af hálfu Brunamálaskólans þannig að kröfur reglugerðar um eitt viðurkennt endurmenntunarnámskeið viðurkennt af skólaráði, á hverju sex ára tímabili séu uppfylltar.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum. Varðstjórar sjá um stjórnun á vettvangi, reykkafarar sjá um reykófunarstjórnun ásamt reykköfun, bílstjórar sjá um dælingu og aðrir sem koma að sjá um almenna vinnu á staðnum.

Dælugeta slökkviliðsins er 18.300 l/mín og fjöldi slökkviliðsmanna er 40 í þremur slökkviliðum, Auk þess eru 8 eldri slökkviliðsmenn sem kalla má í við stærri útköll. Slökkviliðin ráða við byggingar (brunahólf) sem eru allt að 900 m<sup>2</sup>. Það mat er byggt á starfandi mannafla slökkviliðsins og þeim búnaði sem slökkviliðin hafa yfir að ráða.

Miða er við að í útköllum mæti að minnsta kosti 5 slökkviliðsmenn á Bíldudal, 5 slökkviliðsmenn á Tálknafjörð, og 7 slökviliðsmenn á Patreksfjörð. í fyrsta útkall.

Vegna vinnu og aðstæðna getur verið 30 mínutíð í að næstu mann mæta þegar stærri útköll er að ræða. Samtals eru 40 manns í slökkviliðunum, reiknað er með að minnsta kosti 60% manna mæti í útkall og eru þá alltaf tiltækir 24 slökkviliðsmenn.

---

Samkvæmt áhættumati þarf 18-25 menn í umfangsmestu áhætturnar á svæðinu. Útköll síðustu 15 árin voru skoðuð og þar er mæting alltaf yfir þessum viðmiðunum.

Með þessu fyrirkomulagi þá ráða slökkviliðin ráða við áhættustig 4

### **3.5 Önnur verkefni**

Slökkviliðin annast eftir atvikum önnur verkefni s.s. uppsog á vatni úr húsum og öðru eftir vatnstjón, aðstoð við þrif á götum, stíflulosun í fráveitukerfi, afhending á vatni í söfnunartanka þar sem ekki er vatnsveita til staðar og fleira.

Mengunarvarnir í höfnum eru á ábyrgð hafnarstjóra hvors sveitarfélags fyrir sig.

Á Patreksfjarðarhöfn er til gámur með flotgirðingu fyrir mengunarvarnir á sjó. Vilji er til þess að Hafnarstjórnir og slökkviliðið geri samning um að slökkviliðið sinni þessum þætti og er ætlunin að gera þann samning.

Slökkviliðið sinnir aðstoð við önnur brunavarnarsvæði samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Slökkviliðið getur einnig óskað eftir aðstoð frá öðrum slökkviliðum þó svo það sé ólíklegt vegna fjarlægða.

### **3.6 Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð**

Slökkviliðið hefur yfir að ráða Tetra talstöðvum og búnaði þeim tengdum til að stjórnandi á vettvangi geti haft samband við aðra neyðaraðila svo sem, lögreglu, sjúkrabíla, björgunarsveitir og aðra. Reykkafarar notast við VHF sín á milli og við stjórnendur.

Neyðarsvörur er í höndum neyðarlínunnar og sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum. Öll samskipti við neyðarlínu, aðra viðbragðsaðila og samstarfsaðila fara fram á Tetra kerfi.

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við almannavarnanefnd V-Barðastrandasýslu og sendar til fjölmíðla samkvæmt boðleiðum þeirra. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar umhverfis- og mengunarslys á svæðinu, meiriháttar bruni eða rýming. Lögreglan getur ekið um með kalltæki og látið almenning vita af yfirvofandi hættu.


### **3.7 Útkallstími**

Slökkviliðin skilgreina viðbragð sitt á eftirfarandi hátt.

Þéttbýlin á Patreksfirði, Tálknafirði og Bílududal eru á útkallssvæði 2 það er svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mínumánuða frá útkalli.

Allir staðir utan þéttbýlis eru á útkallssvæði 3 og 4 þ.e. svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innan húss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli. Tímalínur fyrir starfssvæði slökkviliðsins eru sýndar á myndum sem akstursfjarlægðir eftir vegum.

Mannvirki sem eru á útkallssvæði 3 og 4 kunna að þurfa auknar brunavarnir, einkabrunavarnir og eldvarnareftirlit vegna útkallstíma. Slíkar aðgerðir geta verið í formi aukinna brunahólfaa, fjölgun á neyðarútgöngum, vatnsúðakerfis, söfnunartanka fyrir vatn eða annarra fyrirbyggjandi aðgerða.



10 mín

15 mín

20 mín

Allt þéttbýli á útkallssvæði 2



Dreibýli er á útkallssvæði 4

30 mín

40 mín

---

## 4 Húsnæði og tækjabúnaður

### 4.1 Húsnæði.

#### Tálknafjörður

Slökkvistöðin er í húsnæði Tálknafjarðar. Húsið er stálgrindarhús byggt árið 1976 og hefur slökkviliðið um  $143\text{ m}^2$  í þremur bilum af átta, áhaldahús og félagsmiðstöð nýta hin bilin.

Húsið er í góðu ástandi en aðstaða slökkviliðs er of lítil fyrir núverandi búnað og tæki. Ætlunin er að slökkvilið og áhaldahús skipti um svæði. Við flutning verður sett upp aðstaða sem ekki ert til staðar núna. Búningaaðstaða, námskeiðsaðstaða, herbergi fyrir loftpressu og klósettaðstaða.

#### Patreksfjörður

Slökkviliðið á Patreksfirði leigir húsnæði af eignasjóð Vesturbyggðar. Húsið er stálgrindarhús byggt 1976 og hefur slökkviliðið um  $160\text{ m}^2$  í fjórum bilum. Áhaldahús Vesturbyggðar nýtir þrjú bil. Ástand hússins er sæmilegt.

Sama rýmið er nýtt sem bílageymsla og búningaaðstaða, kaffiaðstaða ásamt litlum fundarsal er á efri hæð hússins ( $60\text{ m}^2$ )

Húsnæðið er of lítið miðað við þann búnað sem þar er nú fyrir og gert er að eiga samkvæmt þessari áætlun. Aðskilja þarf búningaaðstöðu frá bílageymslu með því að svissa einum bíl og búningaaðstöðunni. Lagfæra þarf gólfs í slökkvistöðinni.

Viljayfirlýsing var undirrituð 2022 af Vesturbyggð, Björgunarsvetinni Blakk og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vegna sjúkrabíla. Þar var stefnt að byggingu Björgunarmiðstöðvar á Patreksfirði þar sem slökkvilið, björgunarsveit og sjúkrabílar verða staðsettir. Því miður gekk þessi viljayfirlýsing ekki eftir.

#### Bíldudalur

Verið er að útbúa nýtt húsnæði fyrir slökkvilið Bíldudals. Búið er að reisa húsið og áætlað að flytja inn árið 2023 og klára það að innan 2024.

### 4.2 Búnaður.

Lágmarksbúnaður slökkviliðanna miðast við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingau búnaðar.

Hlíðarfatnaði og reykköfunartækjum er viðhaldið jafnt og þétt og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að sá búnaður uppfylli kröfur reglugerða.

Búnaði til vatnsöflunar, lausar dælur, slöngur stútar og greinistykki, er viðhaldið jafnt og þétt og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að búnaðurinn sé nægjanlegur til að fást við áhætturnar á starfssvæði slökkviliðsins og hann sé í góðu ástandi.

---

Búnaði til björgunar á fastklemmdu fólki er viðhaldið jafnt og þétt og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að búnaðurinn sé nægjanlegur til að fást við áhætturnar á starfssvæði slökkviliðanna og hann sé í góði ástandi.

